

DroneTrails ehf.
Grænaborg Svæði 1
190 Vogar

Garðabær, 8. september 2025
202508-0028/P.V.B.
10.02.01

Efni: Umsókn um leyfi til drónaflugs innan Dyrhólaeyjar, náttúruvætta í Þjórsárdal, Skógafoss, Snæfellsjökulspjóðgarðs og strandarinnar við Stapa og Hellnar

Náttúruverndarstofnun hefur móttekið umsókn DroneTrails ehf., dagsett 5. ágúst 2025, um leyfi til drónaflugs vegna hópferðar innan Dyrhólaeyjar, náttúruvætta í Þjórsárdal, Skógafoss, Snæfellsjökulspjóðgarðs og strandarinnar við Stapa og Hellnar.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Ströndin við Stapa og Hellna er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 284/1988](#). Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Í [stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins](#) kemur fram að óheimilt er að nota fjarstýrð loftför innan friðlandsins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Leita skal

leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins.

Snæfellsjökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [auglýsing nr. 935/2021](#). Notkun fjarstýrðra loftfara (dróna/flugmóðela) er óheimil á búsvæðum fugla á varptíma innan þjóðgarðsins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir átta manna hóp auk þriggja leiðsögumanna að fljúga drónum innan friðlýstu svæðanna Dyrhólaey, náttúruvætta í Þjórsárdal, Skógafoss, Snæfellsjökulspjóðgarðs og strandarinnar við Stapa og Hellnar. Í Dyrhólaey færi flugið fram á Háey og út frá henni. Í Þjórsárdal færi drónaflugið fram við Gjánna, Háfoss og Hjálparfoss. Innan strandarinnar færi drónaflug fram bæði við Arnarstapa og Hellnar. Við Skógafoss færi flugið fram yfir ánni og kringum fossinn. Í Snæfellsjökulspjóðgarði færi flugið fram við Djúpalónssand, Dritvík, Klukkufoss, Lóndranga, Malarrifsvita, Rauðhól. Saxhól, Skálsnagavita við Svörtuloft, Snekkjufoss, Snæfellsjökul og Öndverðarnes. Kort sem sýnir þau svæði sem til stendur að fljúga á innan friðlýstu svæðanna fylgdu með umsókninni. Allir þátttakendur væru með dróna en einungis er gert ráð fyrir að þrír drónar séu á flugi í einu. Reiknað er með að dvelja 1-3 tíma á hverjum stað en hámarksflugtími hvers dróna er áætlaður 25 mín (15 mín að meðaltali). Drónaflugið færi fram á tímabilinu 9.-15. september 2025.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna. Flugin og umfang þeirra er þó talið geta haft neikvæð áhrif á fuglalíf og gesti svæðanna. Mat stofnunarinnar er að hægt er að draga úr neikvæðum áhrifum drónaflugsins sé farið að skilyrðum leyfisins

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda, sérreglum í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins og þeim reglum sem gilda um svæðin sbr. auglýsing um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar við Klukkufoss, Rauðhól, Snekkjufoss og Snæfellsjökull innan Snæfellsjökulspjóðgarðs.

Drónaflug er einungis heimilt í Dyrhólaey og við Skógafoss fyrir kl. 10:00 og eftir kl. 16:00.

Náttúruverndarstofnun veitir DroneTrails ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Dyrhólaeyjar náttúruvættar í Þjórsárdal, Skógafoss, Snæfellsjökulspjóðgarðs og strandarinnar við Stapa og Hellnar sbr. lýsingu hér að ofan 9.-15. september 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þátttakendum í ferðinni þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en ferðinn hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á hverju svæði hvenær ráðgert er að vera innan svæðisins með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Þátttakendur í ferðinni skulu ganga snyrtilega um svæðin og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Stjórnandi drónana skulu sýna öðrum gestum svæðana tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.**

- **Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu. Ef fljúga þarf yfir bjargbrún skal dróninn taka á loft að minnsta kosti 50 metrum frá bjargbrún og ná hámarksflughæð áður en flogið er yfir brúnina.**
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðunum er óheimilt að setja dróna á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spilt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmd verkefnisins og frágangi á svæðunum. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hanna Valdís Jóhannsdóttir

aðstoðarþjóðgarðsvörður

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur